


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2		
Steinsteypuvirki húsasmiða		
SVH 1024		
Námsáætlun vorönn 2017		

Kennari	Ketill Sigurðarson	Sk.st.	KES
----------------	--------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:


Í áfanganum er fjallað um framkvæmdir við undirstöður og burðarvirki steinsteypra bygginga og mannvirkja. Byrjað er á að gera grein fyrir afsetningu húsa og mælingum á byggingastað, því næst er fjallað um mótasmíði einstakra byggingarhluta, einangrun botnplötu, niðurlögn steinsteypu, gerð og smíði verkpalla eftir því sem bygging ris. Kennslan er bæði bókleg og verkleg og lögð er áhersla á samhengi námsþátta. Gert er ráð fyrir að nemendur hafi fengið nokkra innsýn í smíði steypumóta og verkpalla í vinnustaðanámi áður en þeir fara í áfangann. Áfanginn er ætlaður húsasmiðum og fer kennslan þannig fram að tvinnuð er saman bóklegum og verklegum þáttum námsins með fyrirlestrum og verkefnavinnu.

Markmið:

Nemandi

- þekki grunnatriði lengdar- og hæðarmælinga á byggingastað
- kunni skil á algengustu mæliaðferðum og mælitækjum
- geti staðsett byggingarlínur á hornaslám og mælt lengdir
- geti afsett hæðir á byggingarstað út frá fastpunkti
- kunni að finna réttan halla á lögnum eða plani
- kunni skil á einangrun botnplötu og sökkulveggja
- þekki helstu einangrunarefni sem notuð eru í húsgrunna
- hafi innsýn í þjöppun fyllingarefna og einangrun veggja og plötu
- kunni skil á smíði og niðurrifi steypumóta fyrir byggingar og mannvirki
- þekki muninn á hefðbundnum steypumótum og flekamótum
- þekki smíði hefðbundinna steypumóta fyrir einstaka byggingarhluta
- kunni að koma fyrir gluggum, hurðum og öðrum íhlutum í steypumót
- viti deili á smíði steypumóta vegna meiriháttar steypuviðgerða
- viti hvernig á að rífa og ganga frá hefðbundnum mótum og flekamótum
- þekki öryggisráðstafanir við smíði og niðurrif steypumóta
- þekki framleiðslu og niðurlögn steinsteypu
- geti leiðbeint kranastjóra við flutning á efni og tækjum
- kunni að undirbúa steypumót fyrir niðurlögn steinsteypu
- viti deili á samsetningu og hörðunarferli steinsteypu
- kunni skil á aðhlyningu og eftirmeðhöndlun steinsteypu
- þekki öryggisreglur og öryggisbúnað við niðurlögn steinsteypu

Námsgögn:	Námsgögn (nafn bókar og nánari lýsing á gögnum)
Bækur	Mótavinna og uppsláttur (2005 IÐNÚ, Menntafélag byggingariðnaðarins).
Á Moodle	Efni frá kennara.
Teikniverkefni	Mótateikningar af bílskúr – tölvuteiknað
Annað (t.d. Ítarefni)	Heimsóknir á vinnustaði, verslanir og jafnvel víðar.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2		
Steinsteypuvirki húsasmiða SVH 1024 Námsáætlun vorönn 2017		

Áætlun um yfirferð:

Vika	Námsefni	Verkefni
2	Kynning	
3	Burðarþol steinsteypu.	
4	Afsetning húsa, plan og hæðarmælingar	
5	Undirstöður, einangrun sökkla og botnplötu	
6	Steypumót almennt	
6	Mót fyrir hurðir og glugga	
7-10	Veggjamót og loftamót	
11- 12	Súlumót, bitamót, skriðmót og stigamót	
13	Smíði verkpalla	
13-14	Niðurlögn steypu og vetrarsteypa	
15	Páskafrí	
16	Skoðunarferðir á vinnustaði	
17	Samantekt og upprifjun	
18	Sýniþróf	

Námsmat og vægi námsþátta:

Matsform: <input type="checkbox"/>	Símat	<input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmat	Lýsing	Vægi	
Skriflegt	Lokapróf (skv. próftöflu í maí)	50%	
Skyndiþróf	Eitt próf	20%	
verkefni	Veggjamót og loftamót	10%	
Verkefni	Vinnupallar	10%	
Kynning	Kynning Steypumót	10%	
	Samtals	100%	

Dagsetning

5 Jan 2017

Kehill Sig

Undirritun kennara

HALLDÓR ÞORJ

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils